

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um gagnasafn Ríkisútvarpsins ohf.

Fyrirspurnin var send Ríkisútvarpinu ohf. og byggir ráðuneytið svar sitt á svari þess.

1. *Hvernig er varðveislu gagnasafns RÚV háttað með tilliti til sjónvarpsefnis, útvarpsefnis og efni á heimasíðu RÚV?*

Öll útsend dagskrá, þ.e. dagskrá rásar 1, rásar 2 og sjónvarpsins er varðveitt til frambúðar og afhent Kvikmyndasafni Íslands skv. 10. gr. laga um skylduskil til safna. Upplýsingar um dagskrána eru skráðar í gagnagrunn. Efni á heimasíðu RÚV er vistað í fjóra mánuði en unnið er að lausn til að vista efni á vefnum til frambúðar. Nánast allt efni sem þar er birt hefur áður verið frumflutt í hljóðvarpi eða sjónvarpi og er jafnframt geymt á því formi í safni Ríkisútvarpsins. Eldra efni Ríkisútvarpsins er enn sem komið er mest allt á hliðrænu formi, en afar kostnaðarsamt er að færa eldra efni RÚV á stafrænt form. Nýrra efni sem hefur verið framleitt með stafrænum hætti er jafnframt geymt með þeim hætti.

2. *Hversu lengi er efni RÚV geymt?*

Vísað er til svars við 1. tölul.

3. *Hver er réttur almennings til aðgangs að gagnasafninu og hvernig er þeim aðgangi háttað?*

Safn Ríkisútvarpsins er öllum opið. Hægt er að leita í gagnagrunnum og skoða og hlusta á dagskrárefni í húsi Ríkisútvarpsins í Reykjavík.

4. *Er aðgangur almennings að gagnasafni RÚV endurgjaldslaus? Ef ekki, á grundvelli hvaða laga fer gjaldtaka fram?*

Framangreindur aðgangur almennings að safni RÚV er endurgjaldslaus.